

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið, að bifreiðastöður skuli vera bannaðar á Suðurgötu, vestanmegin götunnar, að undanskyldum tveimur bifreiðastæðum við Suðurgötu 8 (eldra húsið) og einu við Suðurgötu 9, sem ætluð eru til þarfa lögreglunnar eingöngu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist hér með öllum, er hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 22. júlí 1976.

Elías I. Elíasson, settur.

Nr. 324.

19. ágúst 1976.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Hafnarfirði um að Garðakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður skuli vera ein dómþingá:

Að fengnum tillögum yðar, herra bæjarfógeti, í bréfi, dags. 13. febrúar sl., hefur ráðuneytið ákveðið, sbr. 72. og 202. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, að Garðakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður skuli frá og með 1. september nk. að telja vera ein dómþingá.

Nr. 325.

19. ágúst 1976.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Keflavík um að Njarðvíkurkaupstaður og Keflavíkurkaupstaður skuli vera ein dómþingá:

Að fengnum tillögum yðar, herra bæjarfógeti, í bréfi, dags. 3. febrúar sl., hefur ráðuneytið ákveðið, sbr. 72. og 202. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, að Njarðvíkurkaupstaður og Keflavíkurkaupstaður skuli frá og með 1. september nk. að telja vera ein dómþingá.